

C Q T F



Síðla sumars 2003 heimsótti ritstjóri Þór Þórsíson TF3GW og Helgu Kristinnsdóttir að tilvonadi sveitasetri þeirra stutt frá Flúðum. Þór var þá að þjálfa heimilishundin Spóa sem aðstoðarmann við loftnetauppsætningar. Mynd TF5BW

Í þessu blaði

1. tbl.
22. árg.
feb. 2004



Frá ritstjóra	2
Frá formanni.	3
Prófað SSTV	4
TF3XUU	5
Skrýtið loftnet.	6
Turninn.	7
Hitt og þetta um kóaxkapla (lokagrein)	8
Loftskeytamenn og fjarskipti.	10
Úr ýmsum áttum	15
Skemmtikvöld ÍRA 24.01.2004	16



Viðtakandi

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Stuðla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptu
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradió sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsóknna og uppgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.
- Þróa amatörradióþjónustuna sem verðmætahjóðarauðind.
- Stuðla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradió meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2003-2004 eru:

Form: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaform: Sveinbjörn Jónsson TF3VET
Ritari: Benedikt Guðnason TF3TNT
Gjaldkeri: Ársæll Óskarsson TF3AO
Meðstj.: Bjarni Sverrisson TF3GB
Varam.: Valtýr Einarsson TF3VG
Varam.: Sveinn B. Sveinsson TF3SNN

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í þjónustumiðstöð ÍTR að Skeljanesi í Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Talhöf ÍRA hefur verið lagt niður.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni: <http://www.ira.is> og er þar að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradió

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni, sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Sælir félagar og gleðilegt ár.

Ekki verður nægilega brýnt fyrir félögum ÍRA að láta félagið vita um breytt heimilisföng og netföng. Í nánast hvert einasta skipti sem ég sendi CQ TF út í tölvupósti, til þeirra sem það vilja, fæ ég eitt eða fleiri eintök til baka vegna breytts netfangs og/eða vegna þess að pósthólf er fullt. Það má jafnframt ætla að einhver eintök af pappirsútgáfunni komist ekki til réttara aðila vegna breytts heimilisfangs. Látið félagið vita um breytingar af þessu tagi til að hægt sé að koma til ykkar pósti frá félaginu. Hafið samband við gjaldkerann okkar hann Ársæl Óskarsson TF3AO og hann sér um að koma breytingum til réttara aðila.

Á öðrum stað í blaðinu eru upplýsingar um fjölda heimsóknna á vefsíðuna okkar og frá hvaða löndum þær heimsóknir koma. Ég ætla því aðnota þetta tækifæri til að koma með fleiri tölfraeðiupplýsingar um síðuna. Flestar heimsóknir voru 13. apríl 2002 eða 74. Flestar heimsóknir koma frá Íslandi eða 54,4%, næst koma Bandaríkin með 12,6%. Langflestir nota Internet Explorer 6 eða 81% þar á eftir er Internet Explorer 5 með 1,8% Vinsælasta stýrikerfið er Windows XP með 67,6%. Og þar á eftir kemur Windows 2000 með 24,3% en Windows 98 er með 8,1% Flestir nota skjáupplausnina 1024X768 eða 67,6% en næst kemur 1280X1024 með 18,9%. Í litasamsetningu eru flestir með True Color eða 67,6%. Flestar heimsóknir koma á miðvikudögum og í tíma flestar á milli klukkan 22.00 og 23.00. Frá leitervélum kom flestar heimsóknir frá Google.

Félagið boðaði til skemmtikvölds laugardaginn 24. janúar síðastliðinn og herma sögur að það hafi heppnast með ágætum. Allir hafi skemmt sér vel og gleðin verið við völd. Eina sem skyggði á var að fleiri félagar hefðu mátt láta sjá sig.

73 de TF5BW
CQ TF febrúar 2004

Frá Formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Gleðilegt nýtt ár og takk fyrir árið sem er nýliðið.

Síðasta ár verður kannski ekki ár sem við munum mynnast þegar fram líður en þó er þetta

árið þar sem ég tel að varði okkur amatöra mikils en þar á ég helst við þá ákvörðun flestra grannþjóða okkar að fella niður kröfur um morsekunnáttu.

Hér á landi hafa ekki allir verið á eitt sáttir um þessa þróun og sumir hafa látið í ljós þá skoðun að við ættum að skera okkur úr og fara ekki fram á það við P&f að breyta reglugerð um amatöra til samræmis við það sem er að gerast erlendis t.d. á hinum Norðurlöndunum en þar hafa þau öll tekið þá ákvörðun að ganga fram og fella niður þessar prófkröfur. Við höfum gjarnan miðað við þau þegar við höfum viljað ná fram einhverju sem við höfum talið okkur til framdráttar og ættum þess vegna taka þær þjóðir til fyrirmyndar. Breytingar verða þá helst að “lægstu” leyfunum þ.e. samsvarandi nýliðaleyfinu okkar hefur verið sleppt og þau uppfærð í það sem áður var eins og okkar A-leyfi. Þannig að nýliði fengi þá að nota öll amatörböndin og allar mótunar-aðferðir en ekki nema 100 vött. En hvernig sem við förum að er ég ekki svo viss um að niðurfelling á

morsekunnáttu verði til þess að fjölgi verulega í okkar hópi. Hvað sem veldur!

Núna hefur Villi TF3VS hafið á ný tilraunasendingu á VHF packet tengingum og vonandi verður það til þess að menn taki sig til og noti þessa ágætu aðferð til að komast á “amatör-netið”. Fyrst um sinn verður notaður sendir sem er ekki nema 5 vött en hann ætti að vera heyranlegur hér á stór Reykjavíkurlandinu. Kemur til að nýttast ÍRA ágætlega í Skeljanesi.

Lítill frétt sem vakti vonir um betri tíð á amatörböndunum. PLC hefur verið bannað í Austurríki og ástæðan var sú að sannanlega hafði truflanir aukist það mikið að hjálparveitir gátu ekki notað þær tíðir sem þeim hafði áður verið úthlutað og þá var ekki verið að bíða með hlutina þetta var bara bannað. Hvenær kemur að okkur?

Sú litla radióþjónusta sem við amatörar höfum veitt almenningi hér á landi hefur verið endanlega lögð af. Með nýrri stjórnstöð Ríkislögreglustjóra og breyttri stjórn almanna-varna á Íslandi var ekki lengur þörf á þeirri sérhæfðu kunnáttu sem við gátum látið í té og bara sagt takk fyrir eða tæplega það.

Með bestu kveðjum
Haraldur Þórðarson
TF3HP.

Prófað SSTV

Haraldur Þórðarson TF3HP



Fyrir um það bil 5 árum fékk ég modem frá MFJ sk. multi modem ætlað fyrir RTTY, FAV og SSTV sendingar og móttöku. Fyrstu forritin voru einföld og ætluð fyrir PC vélar í dos ham. Ég man að nokkrir

notuðu þessi modem til að senda RTTY en forritin voru frekar leiðinleg og seinvirk.

En fyrir u.þ.b. 2 árum kom á markaðinn nýtt forrit frá JE3HHT MMSSTV sem fékkst frítt og notaði hljóðkort frá PC vélinni og var að fullu Windows hæft. (16 bita 11025hz en þarf a.m.k. 250 lita video upplausn og 32 Mb í vinnsluminni. Fyrsta vélin sem ég prufaði var 100 Mhz Pentium það var í lagi en alveg á takmörkum að það gæti gengið. Gekk reyndar ekki lengi því ég skemmdi hljóðkortidi í vélinni vegna þess að RF átti greiðan aðgang þar inn með leiðslum sem ekki voru einangraðar frá tölvunni.

Eftir að ég hafði bætt úr þessum ágalla með optoisiskum cupler, en teikningu af honum fann ég á slóðinni <http://www.btinternet.com/~g3vfp>.

Eftir að hafa reynt án árangus að fá alla íhlutina höfðum við samband við G3VFP sem reynist gamall kunningi frá því að “packetið” var uppi og var samið við hann að hann smíðaði þessi modem fyrir okkur.

Á heimasíðu G3VFP er hægt að nálgast fjölda forrita sem flest eru frí. T.d. sstv forritið og einnig RTTY MMRTTY. Eftir að hafa notað MMSSTV forritið get ég núna státað af því að eiga staðfest yfir 90 lönd ás SSTV.



er notað RSV og er þá besta myndin 595Sjá Myndina hér að ofan.

Þessi mynd er alveg sérstaklega góð og engar truflanir koma fram og ef við skoðum myndina þá sjáum við að efst er kallmerki og nafn sendanda og síðan nafnið á forritinu. Þessi lína er sjálfgefin á þeim myndum sem eru sendar út. Þar fyrir neðan kemur kallmerkið mitt og hægra megin kallmerki hans (LA4KF). Í vinstra horni neðst er RSV 595 og síðan er myndin sjálf merkt LA4KF QTH og OP þar fyrir ofan.

Eins og sjá má hefur sendandi ákveðið að nota marglita stafi á myndina en það er frekar talið óráðlegt að gera það vegna þess að þeir gætu frekar runnið saman við bakgrunninn.

Miklu skiptir hvernig mynd er valin sem á að senda út sem “CQ mynd” með góðan bakgrunn og skýran til þess að hún skeri sig nokkuð vel út úr truflunum á kalltíðni. Þess má geta hér að sumir halda því fram og með nokkrum rökum að ekki eigi að senda út “CQ mynd” heldur eigi að notast mikrófon til þess og koma eigi sambandinu á áður en farið er að senda myndir.

TF3XUU

Vilhjálmur P. Kjartansson TF3DX

Í síðasta blaði var frétt um langhlaup Martins Berkofsky, TF3XUU/KC3RE. Ekki er úr vegi að kynna manninn fyrir þeim sem eru of ungir í ÍRA til að muna eftir honum. Hann fæddist í Washington DC og varð radióamatör um fermingu, þá þegar orðinn þekktur konsertpíanisti! Hann varð einkum virkur í innanlands-DX á 2 m CW, bjó þá í New York ef ég man rétt, en leyfið var fallið úr gildi fyrir allmörgum árum þegar hann kvæntist til Íslands í kringum 1980. Þá langaði hann að byrja aftur og taldi ekki eftir sér að taka íslenskt próf og fá íslenskt kallmerki.

Fyrst bjó hann í fjölbýlishúsi vestur í bæ, þar sem litlir möguleikar voru á HF-loftnetum. Þá bjó hann sér til VHF loftnet úr vírherðatrjám eins og fötin koma á úr efna-lauginni, bragð sem hann kunnir úr Ameríkunni, og hafði DX út um allar trissur í gegn um gervitungl.

Seinna bjó hann í vitavarðarhúsinu á Garðskaga og varð þá fljótt þekktur út um Evrópu og víðar sem áberandi stöð á 80 m og 160 m CW. Hann notaði helst alltaf afdönkuð tæki úr annarri þjónustu, sem hann breytti fyrir amatörnot. Ég man t.d. eftir Bimini AM talstöð fyrir 2790 sem hann græjaði í Lapplanderinn sinn á 80 m og 160 m, með BFO byggðum í kringum millitíðnispennti. Tveggja metra stöðin í bílnum var uppgerð talstöð úr leigubíl, og sjakkurinn var venjulega fullur af gömlum skipatækjum.

Eftir hálfan áratug eða svo á Íslandi lá leiðin til Tyrklands. Þar helti hann sér út í loftsteina-DX á VHF, og varð þarlendur frumkvöðull í EME (earth-moon-earth) samböndum svo

heimsathygli vakti.

Auk alls þessa hefur hann haldið uppi orðspori sínu sem alþjóðlegur konsertpíanisti, verið mótórhjólátöffari með ólæknaði dellu, jafnvel svo að hann braut nánast í sér hvert bein. Eftir að hafa séð hvernig honum tókst, þvert ofan í spá virtustu lækna, að þjálfast sig til að spila aftur á píanó eftir 4 mánuði á spítala með margbrotna hægri hönd, kemur það mér ekki á óvart að hann skuli nú hafa kveðið krabbamein í kútinn. Við skulum svo sannarlega vona að hann eigi enn nokkur af 9 lífum upp á að hlaupa og sendum honum bestu kveðjur af klakanum.

Sjá líka QSP í eldri blöðum CQ-TF:

<http://www.ira.is/cqtf/gamalt/frb0486.pdf>

<http://www.ira.is/cqtf/gamalt/frb0188.pdf>

Einnig:

<http://www.arrl.org/news/stories/2003/02/17/1/?nc=1>

<http://www2.arrl.org/news/stories/2003/08/21/2/?nc=1>

73 de TF3DX



Skrýtið loftnet

Niels Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ



Það hefur lengi verið venja hjá okkur í QRP hópnum hérna fyrir vestan að ef einhver okkar fer í ferðalag þá tekur hann með sér litla stöð, rafhlöðu og loftnet, síðan er prófað hvort ekki sé hægt að hafa samband. Það má segja að það sé komin hefð á bæði tíma og þær tíðnir sem mest eru notaðar eru í þessum tilvikum. Í fyrra sumar var einn úr hópnum á ferðalagi og annar í sumar- bústað sem hann fer gjarnan í um helgar. Það var fyrir fram ákveðið að þeir prófuðu að hafa samband á 40 metrum klukkan 20:00 að staðartíma. Sá sem var á ferðalaginu hafði með sér K2 tæki, sem hann var nýlega búinn að klára að smíða, og G5RV loftnet sem hann ætlaði að setja upp. Af einhverjum ástæðum seinkaði honum á síðasta hluta ferðarinnar og náði því ekki að setja upp loftnetið í tæka tíð. Um klukkan 21:00 var hann að taka upp úr töskunum og setti upp stöðina en hafði ekkert loftnet svo hann ákvað að láta reyna á loftnets tunerinn í K2 tækinu og eftir að hafa litast um í herberginu hengdi hann af rælni vírbút í rúm- grindina sem var úr stáli og þar að auki tvíbreið. Tunerinn náði að aðlaga rúmið og hann heyrir nokkur merki og er greinilegt að fjórtíu metrarnir eru í ágætu ástandi, að minnsta kosti ef loftnetið er haft í huga. Þar sem hann heldur áfram að taka upp úr töskunum

(forgangs röðin er náttúrulega sú að stöðin er sett upp fyrst) heyrir hann út undan sér sitt eigið kallmerki á CW, dauft en vel lesanlegt, CQ VE6AQW DE VE6CGO KN. Þarna er kominn sá sem var í sumarbústaðnum og hafði ákveðið að prófa að kalla öðru hvoru ef svo vildi til að ferðalangurinn hefði ekki verið tilbúinn á réttum tíma. Það var náttúru- lega stokkið upp til handa og fóta að finna morse lykilinn og stinga honum í samband. Þarna náðist ágætis CW QSO með svolitlu QSB en það varð að senda upplýsingarnar um loftnetið fimm sinnum og var sá í sumarbústaðnum samt ekki viss hvað hann átti við, AGN ANT?? BK. Enda ekki algengt að menn noti rúmgrind (bed spring) sem loftnet. Þess ber að geta að það var eingin jarð- tenging við rúmgrindina og vegalengdin var um 650 km, loftnetið í sumarbústaðnum er dípóll sem er í trjánum í u.þ.b. 20 metra hæð yfir jörð og voru báðar stöðvarnar með innan við 5 watta sendi orku. Tunerinn náði að aðlaga rúmgrindina á öllum HF tíðnum nema 80 metrum og verður það að teljast gott enda höfum við nú allir öðlast mikla virðingu fyrir tunernum í K2 tækinu. Síðan þetta skeði hefur ýmislegt verið prófað sem loftnet með misjöfnum árangri en þó alltaf áhuga- verðum. Maður veit aldrei fyrir fram hvað virkar og hvað ekki sem stuðlar enn frekar að því að gera þetta tóms- tunda gaman okkar svo áhugavert, það er alltaf hægt að prófa eitthvað nýtt enda af nógu að taka.

73 de Niels Kristjánsson TF3NJ/VA6NJ

Turninn

Ég rita ykkur þetta bréf sem svar við fyrirspurn ykkar um nánari útskýringar á reit 3 á eyðublaði 1 vegna bóta úr slysatryggingum, sem ég sendi upphaflega 1. apríl 1997. Ég hafði skrifað lélegt skipulag í reitinn Ástæða slyss og í bréfi ykkar er beðið um nánari útskýringar á því. Ég treysti því að þessi skýrsla sé fullnægjandi hvað það varðar.

Ég er radíóamatör og daginn sem slysið var hafði ég verið að vinna einsamall við loftnet á turninum mínum, sem er 80 fet á hæð. Þegar vinnu minni var lokið um kvöldið sá ég að ég var búinn að bera um 120 kíló af verkfærum, varahlutum og mælitækjum með mér í mörgum ferðum upp og niður yfir daginn, upp í turninn. Í stað þess að fara með þetta niður aftur í mörgum ferðum ákvað ég að slaka því öllu niður í kassa, með trissuhjólí sem er fest við stöng efst í turninum.

Þegar ég hafði hið kassann upp og bundið bandið tryggilega niðri fór ég upp aftur, setti allt í hann, klifraði niður og leysti bandið og hélt tryggilega við það til að slaka öllu rólega niður.

Þið sjáið í reit 11 á tryggingabótaskýrslunni að ég er sjálfur 80 kg. Í undrun minni eftir að ég leysti hnútinn og var rykkt upp í loft af bandinu láðist mér að sleppa takinu.

Það þarf ekki að fjölyrða um það að ég þaut upp í loftið meðfram turninum. Þegar ég var kominn í upb. 40 feta hæð

mætti ég kassanum á niðurleið. Það er útskýringin á viðbeinsbrotinu og afhverju höfuðkúpan brákaðist. Þetta hægði lítillega á hraðanum á mér upp turninn en ég stöðvaðist ekki fyrr en tveir fingur krömdust með reipinu inn í trissuhjólíð. Til allrar hamingju var ég þá búinn að átta mig á aðstæðum og þrátt fyrir sársaukann tókst mér að ríghalda mér í reipið. Um sama leyti skullu verkfærin á jörðinni og við það brotnaði botninn úr kassanum. Þar með hrundi allt úr honum og vóg kassinn nú skyndilega aðeins rösk 10 kg. Ég vísa aftur til reits 11 um líkamsþyngd mína.

Það er ekki að orðlengja að ég þaut aftur af stað og nú til jarðar. Eftir upb. 40 feta fall mætti ég kassanum á uppleið. Það útskýrir ökklabrotið og áverkana á fótleggjum og afturenda.

Áreksturinn við kassann á niðurleiðinni hægði nokkuð á fallinu og er því að þakka að meiðslin urðu ekki meiri þegar ég skall á verkfærahaugnum á jörðinni, þessvegna brákuðust aðeins 3 hryggjarliðir. Því miður vankaðist ég þó svo við höggið að ég missti stjórn á mér þegar ég horfði á kassann í 80 feta hæð fyrir ofan mig. Ég sleppti bandinu.

Virðingarfyllst,

Andy Clark, WA4PRF
Tokyo International Radio Association

73, de TF3VS

Hitt og þetta um kóaxkapla

Ivan Stauning OZ7IS (Lokagren)

Kapalgerð	Þvermál	Samviðn. OHM	Hröðun	Torleifniefni	Leiðari/Fjöldi	Skerming	Rýmnd	Beyju- radius (b)	Hám. spenna
1	2,1mm semi-rígíð	2,1 mm (a)	50 +/-2	70,2%	PTFE	0,53 mm/1	Föst (rör)	95 pF/m	850V
2	RG 174	2,55 mm	50 +/-2	66,6%	PE	0,48 mm/1	Fléttuð	100,7 pF/m	1,5 kV
3	3,6mm semi-rígíð	3,58 mm (a)	50 +/-2	69,5%	PTFE	0,94 mm/1	Föst (rör)	96 pF/m	2,5 kV
4	RG 58C/U	4,95 mm	50 +/-2	66,6%	PE	0,94 mm/19	Fléttuð	100,7 pF/m	2,5 kV
5	RG 400	4,95 mm	50 +/-2	70,0%	PTFE	1,0 mm/19	2 x Fléttuð	95 pF/m	1,7 kV
6	H 121 CU	5,0 mm	75 +/-3	84,0%	PE froða	0,8 mm/1	2 x Fléttuð	53 pF/m	-
7	H 155	5,40 mm	50 +/-2	81,0%	PE froða	1,2 mm/19	Himna/Fléttuð	82 pF/m	-
8	H 124 AL	5,92 mm	75 +/-3	84,0%	PE froða	1,0 mm/1	Himna/Fléttuð	60/120 mm	-
9	RG 59	6,1 mm	75 +/-1,5	65,8%	PE	0,58 mm/1	Fléttuð	35/60 mm	3 kV
10	H 125 CU	6,8 mm	75 +/-3	81,0%	PE froða	1,0 mm/1	2 x Fléttuð	65/110 mm	-
11	Aircell 7	7,3 mm	50 +/-2	83,0%	PE froða	1,85 mm/7	Himna/Fléttuð	25 / 40 mm	1 kV
12	H 100	9,8 mm	50 +/-2	85,0%	Loftr/PE spiral	2,5mm/1	Himna/Fléttuð	75/150mm	1 kV
13	CT 167	10,1 mm	75 +/-3	84,0%	PE loftbil	1,67 mm/1	Himna/Fléttuð	55/100mm	-
14	FLEX 10	10,2 mm	50 +/-2	86,0%	PE froða	2,85 mm/7	Himna/Fléttuð	40/65 mm	1 kV
15	RG 213	10,3 mm	50 +/-2	66,3%	PE	2,25 mm/7	Fléttuð	77 pF/m	5 kV
16	H 1000	10,3 mm	50 +/-2	83,0%	PE froða	2,62 mm/1	Himna/Fléttuð	100,7 pF/m	5 kV
17	H 2000	10,3 mm	50 +/-2	83,0%	PE froða	2,62 mm/1	Himna/Fléttuð	80 pF/m	5 kV
18	RA 522	10,3 mm	50 +/-2	80,0%	PE loftbil	2,7 mm/1	Himna/Fléttuð	55/110mm	5 kV
19	Aircom +	10,8 mm	50 +/-2	80,0%	PE loftbil	2,7 mm/1	Himna/Fléttuð	55/110mm	5 kV
20	RG 214	10,8 mm	50 +/-2	66,3%	PE	2,25 mm/7	2 x Fléttuð	55/110 mm	5 kV
21	1/2" - LDF 4-50	16,0 mm	50 +/-2	88,0%	PE froða	4,6 mm/1	Föst (rör)	75,8 pF/m	4 kV
22	RG 218 (RG 17)	22,1 mm	50 +/-2	66,0%	PE	5,0 mm/1	Fléttuð	125/200mm	4 kV
23	7/8" - LDF 5-50	28,0 mm	50 +/-2	89,0%	PE froða	9,0 mm/1	Föst (rör)	100,7 pF/m	11 kV
24	1-1/4" - LDF 6-50	39,4 mm	50 +/-2	89,0%	PE froða	13,1 mm/1	Föst (rör)	75,0 pF/m	6kV
25	1-5/8" - LDF 7-50	50,0 mm	50 +/-2	89,0%	PE froða	17,3 mm/1	Föst (rör)	75,1 pF/m	9kV
26	2-1/4" - LDF 12-50	60,0 mm	50 +/-2	88,0%	PE froða	21,2 mm/1	Föst (rör)	75,8 pF/m	11 kV
								560/1150mm	13 kV

Kapaltap miðað við 100 metra, tíðni og afl

Kapalgerð	10 MHz	30 MHz	50 MHz	144 MHz	432 MHz	1300 MHz	2300 MHz	5700 MHz	10000 MHz
1	2,1mm semi-rígíð	5dB/2kW	10dB/1,2kW	14dB/900W	26dB/600W	44dB/350W	80dB/200W	110dB/150W	185dB/80W
2	RG 174	8,7dB/400W	15dB/250W	20dB/190W	35dB/110W	60dB/60W	104dB/35W	150dB/25W	240dB/15W
3	3,6mm semi-rígíð	3dB/2kW	5,2dB/1kW	7dB/700W	13,5dB/350W	24dB/250W	43dB/130W	60dB/100W	100dB/60W
4	RG 58C/U	4,8dB/650W	8,2dB/380W	11dB/255W	20,5dB/135W	42dB/70W	95dB/35W	150dB/25W	370dB/UW
5	RG 400	4,0dB/9kW	7,0dB/4,8kW	9,2dB/3,5kW	16,4dB/1,9kW	30dB/1,1kW	56dB/550W	79dB/410W	145dB/240W
6	H 121 CU	2,4dB	4,3dB	5,3dB	9,2dB	16,3dB	29dB	39,5dB	88dB
7	H 155	3,0dB/1,2kW	5,1dB/700W	6,5dB/500W	11,3dB/300W	20,2dB/200W	36dB/100W	49dB/75W	82dB/50W
8	H 124 AL	2,3dB	3,6dB	4,2dB	7,2dB	13,2dB	24dB	33dB	55dB
9	RG 59	3,4dB/1,3kW	6,2dB/660W	8,0dB/480W	14,0dB/250W	26,0dB/140W	49dB/66W	69dB/47W	125dB/24W
10	H 125 CU	1,8dB	3,2dB	4,5dB	7,1dB	12,8dB	23dB	32dB	55dB

11 Aircell7	2,1dB/3,7kW	3,6dB/1,7kW	4,7dB/1,3kW	7,9dB/700W	14,1dB/330W	26,5dB/155W	37,9dB/100W	63dB/50W	85dB/35W
12H 100	1,3dB/3,5kW	2,25dB/2kW	2,9dB/1,5kW	5,0dB/1kW	8,9dB/500W	16dB/300W	22,4dB/230W	38,5dB/150W	54dB/120W
13CT 167	1,1dB	1,9dB	2,6dB	4,6dB	8,4dB	15,5dB	21,5dB	37dB	52dB
14 FLEX 10	1,25dB/2,9kW	2,1dB/2,1kW	2,8dB/1,7kW	4,8dB/1kW	8,9dB/600W	16,5dB/310W	23,1dB/210W	40,5dB/125W	57dB/75W
15RG 213	2,0dB/5kW	3,7dB/2,8kW	4,9dB/2,1kW	8,6dB/1,2kW	16,0dB/650W	31,5dB/380W	45dB/280	84dB/160W	125dB/100W
16H 1000	1,2dB/6,5kW	2,0dB/4,5kW	2,7dB/2,5kW	4,8dB/1,5kW	8,5dB/900W	15,7dB/500W	21,8dB/400W	38dB/300W	54dB/200W
17H 2000	1,2dB/6,5kW	2,0dB/4,5kW	2,7dB/2,5kW	4,8dB/1,5kW	8,5dB/900W	15,7dB/500W	21,8dB/400W	38dB/300W	54dB/200W
18RA 522	1,1dB/5,5kW	2,0dB/2,7kW	2,65dB/2kW	4,6dB/1kW	8,4dB/500W	15,5dB/250W	21,5dB/160W	38dB/75W	Ekki mælt með
19 Aircom +	1,9dB/5,5kW	2,3dB/2,7kW	2,7dB/2kW	4,5dB/1kW	8,2dB/500W	15,2dB/250W	21,5dB/160W	38dB/75W	55dB/45W
20RG 214	2,0dB/5kW	3,7dB/2,8kW	4,9dB/2,1kW	8,6dB/1,2kW	16,0dB/650W	31,5dB/380W	45dB/280W	84dB/160W	125dB/100W
211/2 - LDF	0,67dB/11kW	1,17dB/6,5kW	1,52dB/5,2kW	2,65dB/2,8kW	4,7dB/1,6kW	8,25dB/900W	11,5dB/650W	19,5dB/400W	ekki nothæfur
22RG 218 (RG 17)	0,8dB/18kW	1,5dB/11kW	1,9dB/8,5kW	3,4dB/2,6kW	6,5dB/1,2kW	15dB/600W	23dB/400W	ekki nothæft	ekki nothæfur
237/8" - LDF	5-50	0,37dB/25kW	0,64dB/14kW	0,9dB/11kW	1,45dB/6,2kW	2,6dB/3,4kW	4,7dB/1,9kW	6,6dB/1,3kW	12dB/700W(c)
241-1/4" - LDF	6-50	0,25dB/39kW	0,44dB/22kW	0,58dB/17kW	1,0dB/9,5kW	1,85dB/5,2kW	3,4dB/2,9kW	4,8dB/2kW	ekki nothæft
251-5/8" - LDF	7-50	0,20dB/54kW	0,36dB/31kW	0,46dB/24kW	0,83dB/13kW	1,5dB/7,2kW	2,8dB/4kW	4,1dB/2,7kW	ekki nothæft

CQ TF febrúar 2004

Athugasemdir við töflurnar.

a. Merkir að þessir tveir kaplar, öfugt við hinar gerðirnar, eru ekki með ytri kápu. Með kápu mundi þvermál þeirra hafa verið 2,5 mm og 4,1 mm.

b. Merkir að beyjuradiusinn er fyrir eina beyju og u.þ.b. 25 beyjur. Eigi að nota kapalinn við snúningloftnet þarf radiusinn að vera u.þ.b. 5 sinnum lágmarks radius, en þó tilliti til sverleika og snúningssviðs. Lítið þó ekki á gerðir 1,3 og 21-26 í þessu sambandi.

c. Merkir að verksmiðjan mælir ekki með kapalgerðinni á þessari tíðni. Reynslan hefur þó sýnt að hægt er að nota kapalinn í amatör tilgangi.

Í dálkinum Torleiðifeni merkir PE Polyethylen og PTFE Teflon. Skáletruðu gildin eru útreiknuð eftir upplýsingum frá verksmiðju.

Séum við á mörkum þess sem skáletruðu gildin gefa þá skal taka þeim með varúð en þau gefa þó hugmynd um hvar við stöndum.

Upplýsingarnar í töflunni skal aðeins taka sem leiðbeinandi. Hinir ýmsu framleiðendur og seljendur eru ekki alltaf sammála um gildi kapla sömu gerðar, einnig geta hreinlega verið villur í upplýsingunum. Prentvillum er bætt úr, en þegar SSB Electronics segir þvermál Aircom + kapalsins vera 10,8 mm og tapið við 10 MHz 1,9 dB hafa þessar upplýsingar fengið að vera í töflunni þrátt fyrir að mælingar og hið nákvæma RA522 segir þvermálið vera 10,3 mm og allt bendi til að tapið sé u.þ.b. 1 dB lægra!

Það eru teknar með í töflunni upplýsingar um nokkrar dæmigerða 75 ohm kapla: RG59 sem er vel þekktur meðal amatöra en einnig H 121 (5mm), H 124 (6mm), H 125 (7mm) og CT 167 (10mm) þar sem amatörar nota þá í spennu, stubba og þess háttar. Jú og setja af og til upp sjóvarpsloftnet.

Þegar samningu þessarar greinar lauk voru ekki komnar upplýsingar um hinn nýja taplausa Sænska "Moggaflex" FMX7.

Upplýsingarnar á þessari töflu eru fagnar hjá: Hubner/Suhner, Pope/belden, SSB Electronics, Times wire and cable, Raydex og Andrews.

Heimildir:

QTC nr.9, 1999 Svíþjóð, Pope/Belden, Holland, SSB electronics, Þýskaland, Times wire and cable, U.S.A., Radioamatörens handbók 1960, EDR.

Höfundur er Ivan Stauning, OZ7IS, Byggt á grein eftir WB2WIK/6, Endurskoðað af SM0EET og SM0AQW

Greinin birtist í apríl hefti OZ 2001

Greinin er þýdd af Brynjólfi Jónssyni TF5BW með dyggi aðstoð Vilhjálmis Í. Sigurjónssonar TF3VS

Loftskeytamenn og fjarskipti

Matthías Björnsson TF5MF



reynslu í loftskeytamannsstarfinu.

Í upphafi vil ég þó geta þess að loftskeyti er öðru nafni þráðlaust samband á ensku Wireless, loftskeytamaður er þá á ensku Wireless Operator eða Radio Operator.

Ítalinn Guglielmo Marconi er að flestum þjóðum heims talinn “Faðir loftskeytanna”, en eins og með aðra tækni voru margir hugvitsmenn á undan honum s.s. Samuel F.B. Morse, H.Chr. Örsteds, M. Faradays, Jósep Henry og síðast en ekki síst þýski eðlisfræðingurinn Heinrich R. Hertz (1857-1894) sem fyrstum manna tókst að framleiða rafsegulbylgjur, “Hertz-bylgjur” (Hertzian waves), sem Marconi studdist aðallega við í byrjun uppfinninga sinna, en tilraunir þeirra voru aðallega bundnar við land og þá helst á tilraunastofum. Hvað sem öllu því viðkemur stendur Marconi vel undir nafni sem “Faðir loftskeytanna” sérstaklega vegna þess að honum tókst fyrstum manna að flytja tækni þráðlaus sambandsins “loftskeytanna” út á sjóinn, sem þörfin var brýnust. Fyrst með “Morsinu” og síðan í tali. “Elettra” skip Marconis, en þar um borð hafði hann tilraunastöð, var fyrsta skipið í heiminum, sem mannsraddir bárust frá, út í veröldina.

Ekki má gleyma einum flokki manna sem gífurlega mikið hafa lagt til tækniþróunar fjarskiptanna, en það eru radió áhugamenn

(radio-amatörar), sem eru sífellt að út um allan heim, á morse og tali og um leið til tæknilegra athugana.

Sem ungur maður fékk ég áhuga á loftskyeitamannsstarfi, þá ég var símsendill heima á Akureyri, en eftir að foreldrar mínir gáfu mér í jólagjöf (1939) bókina Marconi, um ítalska drenginn, sem uppgötvaði loftskeytin, tók ég þá ákvörðun að fara í Loftskeytaskólann. Til þess þurfti að hafa gagnfræðapróf, ég lauk því og innritaðist í Loftskeytaskóla Íslands haustið 1942. Þá tók loftskeytanámið einn vetur og fram á vor c.a. 9 mánuði. Námsgreinar: Rafmagnsfræði, sending og móttaka á morse, ljósamorser og alþjóðareglugerð um fjarskipti. Rafmagnsfræðin var bæði bókleg og verkleg, en loftskeytamanninum bar skylda til að halda við öllum tækjum sem lutu að hans starfi s.s. viðtæki, talstöð, morse sendi, rafölum, (Dínamó), miðunarstöð og dýptarmæli. Í dag þættu þetta fábrotin tæki, en þau gerðu sitt gagn. Vegna mikilla tækniþreyinga var skólinn lengdur í tvo vetur. Nú hefur Loftskeytaskóli Íslands verið lagður niður.

Árið 1942 vantaði loftskeytamenn, sérstaklega í afleysingar, því fastir loftskeytamenn vildu öðru hvoru taka sér frí sem og aðrir sjómenn frá þeim hildarleik, sem stóð.



seinni styrjöldin var. Við nokkrir loftskyeitanemar fengum að fara í afleysingatúr áður en skólanum lauk. Fyrsti túrinn minn yfir hafið var á togaranum Hafstein RE-156, eftir áramótin 1943. Þegar ég kom upp í brúna ásamt loftskyeitamanninum, sem ég leysti af, brá mér heldur í brún þá ég leit út á dekkið, en sjór flaut yfir það að nokkru leyti, en þetta var ekki ný bóla því eftir að dallarnir komu af fiskirni fullir af fiski, var kolum bætt á fyrir siglinguna. Allt voru þetta koladallar (gufuvélar) á þeim tíma. Loftskyeitataekin, viðtæki, morse og talstöð voru víða staðsett, ýmist í loftskyeytaklefa inn af brúnni eða í herbergi "karlsins", sem var undir brúnni og svaf þá loftskyeytamaður á bekk niðri, en karlinn auðvitað í kojunni sinni, meðan á siglingu stóð. Á sumum skipum voru tækin höfð aftur í káetu og á nokkrum var sér klefi aftur á bátadekki. Dýptarmælir (þá neistamælir) og miðunarstöð í brúnni. Á Hafsteini voru tækin niðri hjá skipstjóranum. Loftskyeytamaðurinn fór vel yfir öll tækin með mér, þar á meðal hvernig rjúfa ætti innsiglin ef til árásar kæmi, en sendarnir voru innsiglaðir af Landssíma Íslands áður en siglt var, viðtækið alltaf opið og haldin hlustvakt. Þessari ferð var heitið til Grimsby með viðkomu í Scrabster á Norður-Skotlandi, en þar voru tekin „sjökort" yfir tundurdufl á svæði við austur ströndina. Á þessari leið var vitinn Sule-Skerry miðaður. Þegar komið var uppundir Scrabster var sent á ljósamorse, þetta hefðbundna: Hvaða skip? Hvaðan kemur þú? Hvert ertu að fara? Síðan kom bátur frá landi, afgreiddi tilheyrandi kort og síðan haldið áfram.

Á gömlu síðutogurunum var áhöfn um 30 manns á fiskiriinu, en um 14 manns í söluferðum. Siglingarnar voru oft þreytandi, sérstaklega í hinu langa skammdegi. Hvergi mátti sjást ljós og því stranglega bannað að kveikja sér í pípu eða sigarettu vegna kafbátahættu, þegar farið var að skyggja, (algjört black-out). Þessi fyrsti túr minn var að mestu tíðindalaus nema hvað við fengum

leiðinda veður.

Eftir að ég lauk prófi vorið 1943, var ég í afleysingum t.d. á Þórólfi, Gylli og Arinbirmi hersi, sem voru Kveldúlfs togarar. Um sumarið 1943 fór ég á togarann Skutul ÍS-451, sem áður hét Hávarður Ísfirðingur. Á fiskiriinu var talstöðin opin bæði til sambands við land og á milli togaranna og til að gefa upp fiskiri hjá hverjum fyrir sig, með vissu millibili. Þá var talað um t.d. 3 hol skaufi í holi, 2 hol 4 poka í hali, 1 hol ásláttarpoki, og upp í marga poka, en þá var gaman að lifa. Á meðan ég var á Skutli var aðallega siglt á Grimsby, Hull og Fleetwood á vestur-strönd Englands.

Eitt sinn komum við að kvöldlagi að vitaskipinu Spurn við Humberfljót eftir að hafa tilkynnt komu okkar á ljósa-morse. Lóðsinn færði okkur nær höfninni í Grimsby, en morguninn eftir áttum við að landa þar. Þá vorum við búnir að hafa fréttir af miklum loftárásum Þjóðverja á London, Hull og Grimsby. Um klukkan 23.00 þetta sama kvöld, er við á Skutli lágum ásamt fleiri skipum úti á höfninni, byrjuðu ósköpin. Fyrst flugu flugvélar yfir og hentu niður stórum ljósblysum, sem lýstu upp borgina og skipin og nokkru síðar rigndi niður sprengjum svo allt lék á reiðiskjálfi. Sprengjuregnið dundi fyrst á efri hluta bæjarins, færðist síðan neðar og að höfninni. Við hlidna á okkur var stórt skip (á þeim tíma) c.a. 10-12 þúsund tonn. Ég var að hlusta aftur í loftskyeytaklefanum en hann var aftur á bátadekki. Allt í einu kemur þessi rosa sprenging. Ég henti mér á gólfíð og tók fyrir eyrun. Djöfulgangurinn stóð yfir um tvo tíma. Loftvarnabyssur voru stanslaust skjótandi og sáum við eina flugvél skotna niður. Við fórum upp að löndunarbyggju morguninn eftir. Þar fréttum við að þetta stóra skip hefði verið tekið upp í slipp snemma um morguninn því skráfan hefði farið af og plötur losnað í síðu þess. Skipið hafði flutt ameríska hermenn

til Englands, liðsflutningaskip (Troopship). Þorsteinn Auðunsson var stýrimaður á Skutli, síðar skipstjóri á Akureyrartogurunum. Hann var uppi í brú. Á öllum togurunum var hriðskotabyssa til varnar flugvélaárásam. Sér stálklefi (eða þykkt plötujárn) var áfastur aftan við brú og þar var byssa. Þorsteinn sagði mér að gamall háseti vinur okkar, um 70 ára, Guðmundur Guðnason, hafi ólmur viljað fara í slaginn og búinn að munda byssuna, en færið var of langt. Guðmundur heitinn Guðnason var áður skipstjóri á togaranum Nirði. Guðmundur sigldi einnig í fyrra stríðinu á öðrum togara.

Við sprengjuna fór margt úr skorðum um borð hjá okkur því dallurinn hallaðist mikið á bakborðssíðuna vegna þrýstingsins. Kýrauga var stjórnborðsmegin á loftskeytaklefanum og þegar ég gekk í kringum hann til að athuga hvort nokkrar skemmdir hefðu orðið, sá ég að flýsast hafði úr gleri kýraugans, sennilega eftir sprengjubrot. Um daginn fórum við upp í bæ til að skoða rústírnar, þar var ljót aðkoma, fjögur hús voru sundurskotin, eldur logaði í rústum og björgunaraðgerðir í gangi. Þarna í nágrenninu var mér sagt að fjórar manneskjur hefðu látist þessa nótt. Á sama tíma nóttina eftir heyrðust miklar drunur, nú var það ekki Grimsby heldur Hull. Við saum logandi elda þaðan, fram eftir nóttu. Svona gat ástandið á þessum viðsjárverðu tímum verið. Ferðin heim gekk slysalaust.

Í byrjun árs 1944 lá úti á Reykjavíkurhöfn (á Sundunum) amerískt tankskip “Salvator” 8-10 þúsund tonn á stærð. Ég frétti að þar vantaði ljósa-morsemann og að skipið ætti að fara til Ameríku bráðlega. Ævintýraþráin greip um sig. Ameríski sjóherinn hafði bækistöð uppi í turni í Hafnarhúsinu, en þaðan fór ljósamorse fram við önnur skip. Ég fór á þeirra fund, talaði við captain Smith og spurði um starfið og fékk það strax. Daginn eftir fór ég

um borð. Skömmu seinna fór skipið upp í Hvalfjörð og beið eftir að fara í skipalest (Convoy). Skipstjórinn hafði áður beiðið mig að taka við loftskeytamannsstarfinu. Því áður en ég kom var nýlega búið að senda loftskeytamanninn, á annað skip.

Áður en siglingin hófst var haldinn í landi svokallaður umræðufundur (Conference). Þar voru mættir skipstjórar og loftskeytamenn af hverju skipi ásamt háttsettum mönnum úr flotanum, en þeir stjórnðu ferðinni. Rætt var um hættur, aðallega vegna kaþbáta, nýja tækni Þjóðverja í árásarskyni, afhentar voru þrjár stórar bækur með ýmsum upplýsingum s.s. á hvaða tíðni skyldi hlustað og á hvaða landsstöð, eftir því hvar skipalestin var stödd. Þessar bækur innihéldu dulmálslykla. Hver skipalest hafði sitt ákveðna kallmerki og einnig hvert skip út af fyrir sig. Síðan voru þessar “skruddur” láttnar ofan í traustan seglpoka ásamt þungu blýlóði og afhentar skipstjóra. Þegar skipstjóri og loftskeytamaður komu um borð afhenti skipstjórinn loftskeytamanninum pokann ásamt innihaldi og þar með var allri ábyrgð komið yfir á loftskeytamanninn í þessum málum, en auðvitað höfðu allir áhafnar-meðlimir ábyrgð á sínum herðum. En mest var þó treyst á loftskeytamanninn og skipstjórann á þessum stríðstímum. Ef skip var skotið niður átti það að vera fyrsta verk loftskeytamannsins að stinga skruddunum í pokann ásamt blýlóðinu og henda honum fyrir borð, svo Þjóðverjar fengju engar upplýsingar um dulmálslyklana. Þvílík viðbrigði að koma um borð í Salvator hvað allan tækjabúnað snerti miðað við fjar-skiptatækni á gömlu togurunum. Þar var stuttbylgjuviðtæki og stutt- og langbylgju-sendar á tali og morse, ásamt ýmsum öðrum nýjungum.

Ferðin frá Hvalfirði ásamt nokkrum skipum öðrum var fyrst heitið til Oban á vesturströnd Skotlands. Þaðan var farið í stóra skipalest áleiðis til New York. í hverri

skipalest var stjórnunarskip (Commander) sem staðsett var í miðri skipalestinni fremst en mikil ábyrgð hvíldi á því. Stundum gaf það merki um breytingar á stefnu lestarinnar og var það stundum gert á ljósamorse. Í myrkri var rauðri skífu stungið í ljósamorselampann ef morsa þurfti. Landsstöðvarnar sem þurfti að hlusta á, sendu út á þriggja klukkustunda fresti og þá þurfti loftskeytamenn alltaf að vera við tækin. Ekkert markvert gerðist á leið yfir hafið, að undanskildu því að breska stórskipið og farþegaskipið Queen Mary sigldi framhjá skipalestinni, hraði c.a. 20-30 sjómílar á klst., en hún sigldi alltaf einskipa á stríðsárunum. Á stríðsárunum voru lágmark tveir loftskeytamenn á öllum fragtskipum, þá var 16 tíma hlustvakt á sólarhring en 24 tímar þegar þeir voru þrír.

Eftir að komið var til New York var “Salvator” tekinn í þurrkví. Nokkru seinna fór ég á annað skip, sem sigldi um allt Miðjarðarhafið. Það var kæliskip, sem flutti egg og kartöflur til herjanna í Norður Afríku og víðar. Í þriðju ferðinni lentum við í innrásinni í Suður Frakklandi. Þá lágum við úti á ytri höfninni í Marseille um það leyti sem Þjóðverjarnir voru að gefast upp. Þá nótt þurfti mikið að nota ljósamorse við land því stöðin var innsigliuð. Þetta voru aðallega aðvörunartilkynningar um tilfærslu skipanna sem lágu úti á höfninni. Þjóðverjarnir gáfust upp undir morgun. Þegar birti kom í ljós að tveir þýskir skriðdrekar voru sundurskotnir í hlíðinni upp af borginni. Eftir losun var haldið til New York.

Öll þessi stærri skip höfðu sér skyttu-áhöfn (Gun-crew) allt upp í 22 menn sem allir voru í ameríska sjóhernum. Í hverju skipi voru loftvarnabyssa og djúpsprengjur. Í febrúar 1945 réði ég mig á leiguskip hjá Eimskip sem hét M/S “Yemassee” á leið til Íslands. Dettifoss var í sömu skipalest og sáum við hann öðru hvoru á siglingunni. Vegna kafbátahættu var okkur snúið til

suðurs, suður fyrir Írland upp írsku kanalinn og til Belfast á Írlandi. Við fórum frá Belfast að morgni 21. febrúar. Um kl. 8.30 var Dettifoss skotinn niður örstutt frá okkur. Okkur var bannað að stoppa til að bjarga áhöfn og farþegum, vegna þess að önnur skip voru til staðar til björgunar, svo kallaðar hersnekkjur (Corvetta). Þetta var því líkur sorgaratburður, að sjá ýmsa af góðum félögum hverfa í hafið og geta ekkert aðhafst.

Við héldum áfram heim, nokkur skip í lest, en þá skeður það að eitt skipið “Alcedo” var skotið niður rétt fyrir sunnan Stafnes. Við vorum svo nærri skipinu, að skipstjórinn stoppaði vélina því hann og raunar flestir um borð héldu að tundurskeytið hefði hæft okkur. Eftir augnablik kom í ljós að svo var ekki. Norska skipið “Lýra” var eftirlitsskipið í lestinni. Frá henni kom skipun til okkar á ljósamorse, að halda til Reykjavíkur með eins miklum hraða og hægt væri. Með Alcedo fórust þrír menn. Skipstjórinn á Yemassee var captain Kurt Carlsen (Dani), sem heimsfrægur varð 1951 vegna hinnar miklu baráttu hans, þá hann lenti í ofsaveðri undan ströndum Íslands og var einn eftir um borð þá kjölurinn stóð upp úr. Skip hans hét “Flying-Enterprise”. Ég hef lítið minnst á loftskeytamannsstarfið eftir stríðsárin en flestar þjóðir heims eru enn með loftskeytamenn um borð, bæði á togurum og fragtskipum vegna öryggis sjómanna, t.d. til viðgerða á tækjum, hlustunar og sendingar í vondum veðrum. Nú er svo komið að þessi stétt sjómanna hér á landi heyrir fortíðinni til, **-því miður!**

Frá mörgu fleiru væri hægt að segja, sem tengist starfi loftskeytamannsins til sjós en við látum þetta gott heita. Ég hætti í siglingum á erlendum skipum í apríl 1946. Sjómennskan er ekkert grín og verður aldrei.

Eins og sjá má er fyrirögnin á grein þessari

“Loftskeyta-menn og fjarskiptin” en það er einmitt nafn bókarinnar sem Félag íslenskra Loftskeytamanna “F.Í.L.” gaf út árið 1987, með loftskeytamannatali og miklum fróðleik um fjarskiptin frá byrjun. Skrifuð af Ólafi K. Björnssyni loftskeytamanni. Mig langar að hvetja sem flesta sjómenn til að kynna sér þessa bók en hún fæst hjá F.Í.L. Matthías Björnsson.

Greinarhöfundur er fyrrum loftskeytamaður og skólastjóri og býr í Varmahlíð, Skagafirði.

Myndina af Matthíasi tók Kristján Hallgrímsson, ljósmyndari á Akureyri, árið 1946 skömmu eftir að hann hætti siglingum á erlendum skipum.

Grein þessi birtist í blaðinu Sextanti en ekki er vitað hvenær.

Matthías býr nú að Álfaklöpp í Eyjafjarðarsveit. Greinin er birt með góðfúslegu leyfi höfundar.

Prófað SSTV frh.



Þessa mynd af Dettifossi notaði ég nokkuð lengi sem “CQ mynd” en hún hentaði engan vegin í það sem ég var að segja hér fyrir ofan.

Myndina efst til hægri af Skálabrekku í Þingvallasveit hefur þessa kosti. Gott pláss fyrir ofan fjöllin og einnig autt pláss á miðri mynd fyrir texta einnig má gera eins og ég geri það að nota stafi sem skera sig vel úr



73 de TF3HP

Grein þessa sendi Haraldur mér fyrir margt löngu síðan og átti hún að vera löngu komin í blaðið. Ritstjóri TF5BW.

Gjaldkeri

minnir á

félagsgjöldin

Úr ýmsum áttum

Brynjólfur Jónsson TF5BW

DX DX segðu mér hver virkastur á Íslandi er

DX Summit

(<http://oh2aq.kolumbus.com/dxs/>) er vinsæll netstaður, sérstaklega meðal áhugamanna um DX. Þarna er skráð það sem menn heyra á böndunum og geta þá aðrir haft gagn af þeim upplýsingum. Ég get ekki sagt að ég sé DX maður en lít stundum á þetta til að sjá hverjir eru í loftinu frá Íslandi. Allt er þetta geymt og hægt er að nálgast upplýsingar allt frá árinu 1997.

Sæti 1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003

1 TF3GC TF8GX TF8GX TF8GX TF8GX TF8GX TF8GX
2 TF3DX TF3HP TF3GC TF3IRA TF4RX TF3GC TF3CW
3 TF3HP TF3DX TF3AO TF8SM TF3HP TF3AO TF3GC

Datt mér í hug að gaman væri að sjá hvaða kallmerki heyrðust oftast og kom í ljós að TF8GX virðist hafa verið manna virkastur allt frá 1998 og er hann venjulega nefndur tvisvar til þrisvar sinnum oftan en næsti maður á listanum. Ég hef ekki tekið með TF/xxx kallmerki en það hefði ekki breitt neinu um stöðu Gulla sem virkasti amatör á Íslandi í samfleytt seks ár. Halldór, TF3GC hefur líka gert það gott. Var í fyrsta sæti 1997 og tvisvar í öðru sæti.

73 de LA0BX sigfus@start.no

OSL kortaprentun

Max OH2OT er orðin norðurlandatengiliður fyrir QSL kortaprentun UX5UO.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu hans og er slóðin þangað:

<http://www.kolumbus.fi/tuusdata/ux5uo/in dex.htm>

Heimild OH2OT

ira.is

Heimsóknir á vefsíðuna okkar eru að nálgast 41 þúsund og eru að jafnaði um 20 á dag. Síðan hefur verið heimsótt fá um 106 löndum frá öllum heimshornum. 40 efstu löndin eru talin upp hér til hægri.

CQ TF febrúar 2004

1.	Iceland	10387	54.4 %
2.	United States	2416	12.7 %
3.	Germany	637	3.3 %
4.	United Kingdom	428	2.2 %
5.	Norway	389	2.0 %
6.	Denmark	385	2.0 %
7.	Sweden	337	1.8 %
8.	Italy	321	1.7 %
9.	Canada	309	1.6 %
10.	Japan	220	1.2 %
11.	Spain	191	1.0 %
12.	Netherlands, The	189	1.0 %
13.	Finland	174	0.9 %
14.	France	171	0.9 %
15.	Belgium	152	0.8 %
16.	Poland	132	0.7 %
17.	Brazil	108	0.6 %
18.	Portugal	108	0.6 %
19.	Austria	83	0.4 %
20.	Luxembourg	76	0.4 %
21.	Australia	73	0.4 %
22.	Czech Republic	65	0.3 %
23.	Switzerland	64	0.3 %
24.	Korea	51	0.3 %
25.	Argentina	44	0.2 %
26.	Mexico	41	0.2 %
27.	Russia	37	0.2 %
28.	Romania	34	0.2 %
29.	Ireland	32	0.2 %
30.	Hong Kong S.A.R.	31	0.2 %
31.	China	30	0.2 %
32.	Lithuania	30	0.2 %
33.	Israel	27	0.1 %
34.	Turkey	27	0.1 %
35.	Hungary	25	0.1 %
36.	New Zealand	24	0.1 %
37.	India	24	0.1 %
38.	Greece	24	0.1 %
39.	Taiwan	23	0.1 %
40.	Slovenia	23	0.1 %

Heimild nedstatbasic.net

Frá skemmtikvöldi ÍRA 24.01.04

Myndirnar tók Ársæll Óskarsson TF3AO

